

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

15. desember 2025
UOS2511135/A.Þ
13.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda – Matsskyldufyrirspurn – Laxós ehf. – Fiskeldi á landi við Hauganes

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda fyrirspurn um matsskyldu.

Framkvæmdarlýsing

Laxós ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) undirbýr uppbyggingu seiðaeldisstöðvar í Dalvíkurbyggð. Framkvæmdinni verður áfangaskipt í þrjá áfanga. Fyrsti áfangi samanstendur af 17-18 kerjum þar sem verður klak- og seiðaeldi og er rekstraraðili kominn með starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi á Árskógssandi.¹ Annar áfangi samanstendur af 12 kerjum sem notuð verða sem stórseiðaeldi. Þar verður tekið á móti sjógönguseiðum frá klak- og seiðaeldinu. Þriðji áfangi samanstendur af 48 kerjum þar sem tekið verður á móti stórum seiðum frá 2. áfanga, þar sem laxfiskarnir geta náð fullum þroska. Gert er ráð fyrir að annar og þriðji áfangi verði staðsettir á Hauganesi. Áformuð ársframleiðsla við fulla framleiðslu er rúm 27.000 tonn af laxfiskum með 16.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Í öðrum og þriðja áfanga verður notast við meðhöndlaðan sjó úr Eyjafirði sem dælt verður á 65-85 m dýpi, 0,8-1,2 km til austurs. 65% af sjónum sem þegar hefur verið dælt inn á kerfið verður endurnýttur og þarf því stöðugt að dæla inn nýjum sjó, sem er 35% af heildarmagni. Í öðrum áfanga er áformuð þörf fyrir 1.100 l/s af nýjum sjó og 13.440 l/s í þriðja áfanga af nýjum sjó, samtals 14.540 l/s af nýjum sjó við fulla framleiðslu.

Rekstraraðili áformar notkun á allt að 180 l/s af fersku vatni úr Þorvaldsdalsá (vatnshlot nr. [102-1806-R](#)) fyrir seiðaeldið á Árskógssandi (áfanga 1) og til að skola úrgang úr tromlu og diskasúm í áfanga 2 og 3. Rekstraraðili áformar að setja niður drenlög í malarjarðveg nálægt ánni í 15-20 metra langan skurð samhliða ánni. Drenið mun fylla á vatnssöfnunarbrunn, þaðan sem ferskvatninu verður dælt 2,5 km að lóð rekstraraðila.

¹ [Starfsleyfi Laxós | Árskógssandi](#)

Misræmi virðist vera í skýrslunni um heitavatnspörf rekstraraðila. Í töflu 1 á bls 11 og kafla 3.3.6 er áætluð þörf 50 l/s af 76°C heitu vatni með áætlaða meðalnotkun 45 l/s. En í kafla 1.2 á bls 10 áformar rekstraraðili að lágmark 60 l/s af heitu vatni. Rekstraraðili áformar að fá 30 l/s af heitu vatni frá hitaveitu Dalvíkur og að borað verði eftir 30 l/s af heitu vatni til viðbótar.

Leyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemin er háð starfsleyfi stofnunarinnar, sbr. 2. tl. viðauka II við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemin er einnig háð nýtingarleyfi stofnunarinnar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu vegna nýtingar á heitu vatni og einnig vegna vatnstöku úr Þorvaldsdalsá miðað við lýsingar rekstraraðila.

Vatnamál

Stofnunin bendir á að misræmi er í skýrslunni um öflun ferskvatns. Í kafla 3.2.2 stendur að miðað sé við að það komi úr drenlögn við bakka Þorvaldsdalsár „og hugsanlega úr borholum“. En í kafla 3.8.2 er tekið fram að „Ekki er þörf fyrir kalt grunnvatn úr jörðu fyrir Hauganes verkefnið“. Neðar í sama kafla, er gert ráð fyrir að heildargrunnvatnsnotkun fyrir framkvæmdina sé áætluð 20-220 l/s „háð því hvað finnst við borun“. Ekki er tekið fram hvort átt sé við ferskt grunnvatn, jarðsjó eða heitt vatn. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ef til stendur að bora eftir fersku grunnvatni (heitu eða köldu) eða jarðsjó til framleiðslunnar þarf nýtingarleyfi fyrir því frá stofnuninni. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að skýra þurfi nánar frá vatnsöflun úr Þorvaldsdalsá í umhverfismatsskýrslu eða hafa samband við stofnunina til að fá úr því skorið hvort vatnstakan sé háð nýtingarleyfi stofnunarinnar.

Í kafla 3.9 er tekið fram að verulega dragi úr flæði Þorvaldsdalsár frá febrúar til apríl ár hvert. „Laxós ehf. gerir því ráð fyrir að á þessu tímabili séu að hámarki tekin 100 l/sek úr ánni“. „Þetta magn er þá u.þ.b. 10% af heildarrennsli árinna að meðaltali og gæti í einstaka toppum nálgast 25%.“ Ef 25% árinna er veitt í burtu þegar rennsli árinna er í algjöri lágmarki yfir árið er hætt við því að straumvatnshlotið nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir það. Umhverfismarkmið straumvatnshlotsins Þorvaldsdalsár 1 er að vera í a.m.k. góðu efnafræðilegu og mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Uppbygging og starfsemi eldisstöðvarinnar má ekki verða til þess að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins rýrni, hvorki tímabundið né varanlega.

Í matskyldufyrirspurninni er ekki litið til samlegðaráhrifa með Árskógsvikjun sem áformuð er ofar, í Þorvaldsdal og mun skerða rennsli Þorvaldsdalsár verulega á kafla árinna sem getur haft mjög mikil áhrif á ferskvatnsöflun rekstraraðila.²

² [Árskógsvirkjun | Umhverfismatsskýrsla](#)

Í köflum 3.3.6. og 3.3.8 er sjódælingunni lýst og því hvernig sjórinn er meðhöndlaður áður en hann er notaður í kerjum áfanga 2 og 3. Ekki er útskýrt hvernig komið verði í veg fyrir að stærri lífverur komist inn í kerfið og hvernig brugðist verði við ef kerfið stíflast, s.s vegna lífvera, sjávarþangs eða annars.

Í kafla 3.3.7 er áformum lýst um að koma fyrir stálrórum í landfyllinguna sem myndi gera rekstraraðila kleift að dæla upp jarðsjó og tengja það inn á kerfi framleiðslunnar. Umhverfis- og orkustofnun ítrekar að ef nýta á jarðsjó til framleiðslunnar þarf nýtingarleyfi frá stofnuninni.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdarinnar þarf áhrifamat fyrir vatnshlotin að liggja fyrir. Mikilvægt er að áhrif framkvæmda og starfseminnar á vatn liggi fyrir svo leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Stofnunin bendir á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#) um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Þá skal gera líkan sem sýnir dreifingu næringarefna frá útrásinni miðað við þá hreinsun sem rekstraraðili áformar. Hægt er að skila sameiginlegu áhrifamati fyrir yfirborðs- og grunnvatnshlot. Æskilegt er að mat á áhrifum á vatnshlot sé unnið samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar og sé hluti af því.

Fram kemur í kafla 5.7.6 að gert sé ráð fyrir að sett verði upp vöktunaráætlun í samráði við Umhverfis- og orkustofnun þar sem komi m.a. fram mótvægisáðgerðir (t.d. um bætta hreinsun) ef losun fráveituvatns í viðtaka bendir til neikvæðra áhrifa, líkt og ofauðgunar. Umhverfis- og orkustofnun tekur undir það og mun við vinnslu starfsleyfis krefjast ítarlegrar vöktunaráætlunar sem tiltekur vöktun við útrás og vöktun úti í vatnshlotinu í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Úrgangur

Fram kemur að til þess að geta búið til verðmæti úr úrganginum/fiskiseyrunni verði tromlusíurnar skolaðar með ferskvatni til að ná sjávarseltunni úr úrganginum. Úrganginum er svo dælt niður í niðurgrafinn og lokaðan úrgangssöfnunartank. Gert er ráð fyrir að 75% af úrgangi sem er í föstu formi verði síaður úr eldisvökvanum áður en hann fer til sjávar.

Í kafla 5.7.7 er fjallað um hvernig úrgangi verði breytt í verðmæti í samstarfi með fyrirtækinu Eim ehf. Til skoðunar er annars vegar framleiðsla á lífgasi og áburði í verksmiðju á Dysnesi eða hins vegar þurrkun og framleiðsla áburðar, og síðar hugsanlega lífgass, í nágrenni stöðvarinnar norðan Hauganess. Umhverfis- og orkustofnun telur afar jákvætt að hugað sé vel að farvegi úrgangs sem frá eldinu kemur en mikill ávinningur felst í því að lágmarka úrgang og endurnýta fastefni/fiskiseyru eins og kostur er en það er í samræmi við [stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum](#). Í starfsleyfi verður gerð krafa um að rekstraraðili leggi fram áætlun um meðhöndlun úrgangs sem inniheldur tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar.

Líkt og Umhverfis- og orkustofnun benti á í [umsögn](#) sinni um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar í tengslum við sömu framkvæmd hefur landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist er að fyrirtækin sýi frá fráveituvatni. Þar sem fyrirtæki bera ábyrgð á úrganginum sem frá starfsemi þeirra kemur er ein meginforsenda fyrir eldisstarfsemi af slíku umfangi og hér er fjallað um að farvegur verði fundinn fyrir úrganginn. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að áfram verið unnið í að finna leiðir fyrir úrganginn og að ef framkvæmdin verði háð umhverfismati verði meðhöndlun úrgangs gerð skýr skil í umhverfismatsskýrslu.

Að auki bendir stofnunin á að í kafla 5.7.5 ber tölum um losun úrgangs í föstu formi ekki saman, líklega á að standa að 25% úrgangs í föstu formi sé veitt í viðtakann en ekki 0.25%.

Annað

Í kafla 3.3.4 er tekið fram að ekki sé búið að ákveða hvort sláturhús verði hluti af norðurhluta svæðisins. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í umsókn um starfsleyfi verði framkvæmdin að vera í samræmi við skipulag.

Í titlum kafla 5.7.1, 5.7.3. og í kafla 5.7.3 er vitnað í tæknigerð strandsjávarhlotsins Eyjafjarðar en Umhverfis- og orkustofnun bendir á að rétt vatnshlotsnúmer Eyjafjarðar er [102-1365-C](#).

Niðurlag

Vegna fjölda óvissupátta sem taldir eru upp hér að ofan, sem og vegna stærðar, umfangs, nýtingar vatns, losunar í vatn og úrgangsmyndunar framkvæmdarinnar, telur Umhverfis- og orkustofnun að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Það er jafnframt í samræmi við önnur fiskeldi á landi af svipaðri stærðargráðu.

Virðingarfyllt,

Agnes Porkelsdóttir

sérfræðingur

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur